



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 31. mars 2014

### Breytingar á reglugerðum – reglugerð um knattspyrnumót og reglugerð um aðgönguskírteini

Ágætu félagar

Á fundi stjórnar KSÍ 13. mars samþykkti stjórn KSÍ eftirfarandi breytingar á reglugerðum KSÍ í samræmi við samþykktir frá ársþingi 2014:

#### Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Við bætist eftirfarandi ákvæði og númerast önnur ákvæði í samræmi:

„23.2.8 Mótanefnd er heimilt að gera breytingar á niðurröðun leikja eftir 8 liða úrslit bikarkeppninnar með tilliti til þátttöku liða í Evrópukeppni á eftirfarandi forsendum: Hafi lið spilað 6 leiki á undangengnum þremur vikum eða innan 48 tímar liðið frá lokum ferðalags vegna þátttöku í Evrópukeppni hefur mótanefnd heimild til þess að færa leikdaga, óski félag eftir frestun.“

#### Reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini

Grein 4 í reglugerðinni hljóði svo:

„4.1 Skrifstofa KSÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði KSÍ. Öll skírteini sem gefin eru út skulu vera með nafni réttshafa, ásamt mynd og raðnúmeri.

4.2 Félag skulu senda skrifstofu KSÍ nafnalista og myndir fyrir 1. maí ár hvert.

4.3 Skrifstofa KSÍ sér til þess að félag fái skrá yfir handhafa skírteina áður en mót hefst og að félögum sé send uppfærð skrá ef ný skírteini eru gefin út eftir að keppnistímabil hefst.

4.4 Framkvæmdastjórar ÍTF og KSÍ hafa eftirlit með 4.1-4.3 og leggja fyrir stjórnir beggja félaga greinargerð um útgáfuna að loknu keppnistímabili.“

Breytingarnar taka gildi nú þegar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Þórir Hákonarson  
framkvæmdastjóri KSÍ